



Erasmus+



Umsækjandi: Verkmenntaskólinn á Akureyri

Umsóknarnúmer: 2014-1-IS01-KA202-000180

Reykjavík 21. júlí 2014

Efni: Umsókn um Erasmus+ Stefnumiðuð samstarfsverkefni

Ágæti umsækjandi.

Við þökkum umsókn þína um styrk í Erasmus+, flokkinn Stefnumiðuð samstarfsverkefni, þann 30. apríl síðastliðinn. Okkur er sönn ánægja að tilkynna að umsókn skóla/stofnunar um styrk fyrir verkefnið Workmentoring within a quality management system hefur verið samþykkt og verður styrkt að hámarki um 187.235.- evrur.

Að þessu sinni var sótt um styrki fyrir 23 verkefni á öllum menntastigum að upphæð 4.755.538.- evrur, sem er umtalsvert meira en er til úthlutunar í ár. Hver umsókn var metin af tveimur óháðum matsmönnum samkvæmt samræmdu evrópsku matsfyrirkomulagi. Matið var samvinnuverkefni Landskrifstofa Erasmus+ á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð. Í framhaldi af mati fjallaði óháð valnefnd um umsóknirnar og forstöðumaður Landskrifstofu Erasmus+ tók á grundvelli þeirrar umfjöllunar ákvörðun um úthlutun. Þrátt fyrir niðurskurð flestra verkefna sem hljóta styrk dugar fjárveiting einungis til að veita brautargengi allt að 14 umsóknum. Meðfylgjandi er umsögn matsmanna um ofangreint verkefni.

Vinsamlegast staðfestið að skólinn/stofnunin muni þiggja styrkinn með tölvupósti á erasmusplus@rannis.is. Í framhaldi af þeirri staðfestingu mun landskrifstofa senda bréf með frekari upplýsingum og samning til undirritunar.

Meðfylgjandi er tillaga að sundurliðaðri fjárhagsáætlun miðað við úthlutun. Athugið að við undirbúning samninga verður send út nákvæmari fjárhagsáætlun sundurliðuð eftir samstarfsaðilum.

Áður en samningur er undirritaður þurfa samstarfsyfirlýsingar (*Mandate*) að hafa borist fyrir alla samstarfsaðila í verkefninu. Ef samstarfsyfirlýsingar voru ekki sendar inn með umsókn þarf að senda þær til landskrifstofu hið fyrsta á erasmusplus@rannis.is. Athugið að skönnuð undirrituð skjöl eru fullnægjandi.

Einnig þarf að ganga úr skugga um að nafn á stofnun og upplýsingar um stofnun hafi verið rétt skráðar inn í Participant Portal og umbeðin fylgigögn séu til staðar. Sjá upplýsingar og hlekkji á <http://www.erasmusplus.is/um/gagnlegt/nr/188>. Frekari upplýsingar og aðstoð veitir Eyrún Sigurðardóttir, eyrun.sigurdardottir@rannis.is.

Eftir að samningur hefur verið undirritaður mun landskrifstofa greiða út 50% af styrkupphæð sem fyrirframgreiðslu. Verkefni geta hafist 1. september 2014.

Í haust verður haldið námskeið fyrir styrkþega þar sem farið verður yfir nokkra þætti í verkefnastjórnun og verkefnaskilum. Nánari upplýsingar um námskeiðið verða sendar í tölvupósti í lok ágúst. Þangað til óskum við ykkur góðs gengis og gleðilegs sumars.

Hafi umsækjandi einhverjar athugasemdir við afgreiðslu umsóknarinnar, vinsamlegast komið þeim á framfæri skriflega innan mánaðar frá dagsetningu þessa bréfs.

Með von um gott samstarf,

Ágúst Hjörtur Ingbórsson
Forstöðumaður